

Borgarráð

Svar við framhaldsfyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um samskipti milli borgarstjóra og stjórnarformanns Orkuveitu Reykjavíkur

Á fundi borgarráðs þann 13. september sl. lagði borgarráðsfulltrúi Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er eftir upplýsingum um samskipti við borgarstjóra vegna þeirra mála sem komið hafa upp í Orkuveitu Reykjavíkur og dótturfyrirtækja hennar er varða starfsmannamál að undanfögnu.

Á fundi borgarráðs þann 22. nóvember sl. lagði borgarstjóri fram svohljóðandi svar:

Mál Orkuveitu Reykjavíkur hafa verið á borðum stjórnar fyrirtækisins. Líkt og fram hefur komið greindi forstjóri OR borgarstjóra og stjórnarformanni OR frá því samdægurs að stjórn Orku náttúrunnar hefði ákveðið að segja upp framkvæmdastjóra ON og tildrög þess. Að öðru leyti hefur stjórnarformaður OR haldið borgarstjóra upplýstum um gang mála en sem kunnugt er kallaði stjórn OR eftir úttekt innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar á starfsmannamálum fyrirtækisins. Enginn starfsmaður hefur snúið sér beint til borgarstjóra vegna þeirra starfsmannamála sem verið hafa til umfjöllunar, en aðstandandi eins starfsmanns gerði það hins vegar. Þeim samskiptum var komið á framfæri við innri endurskoðun Reykjavíkurborgar, í samræmi við þær leiðbeiningar sem kjörnir fulltrúar borgarinnar fengu varðandi málsmeðferð hugsanlegra ábendinga varðandi starfsmannamál OR og dótturfyrirtækja.

Á sama fundi borgarráðs lagði borgarráðsfulltrúi Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi framhaldsfyrirspurn:

Ljóst er að borgarstjóri er í nánu sambandi við stjórnarformann Orkuveitu Reykjavíkur og hefur þannig haft aðgang að upplýsingum umfram aðra aðila. Óskað er eftir upplýsingum um fjölda samtala milli borgarstjóra og formanns stjórnar OR á síðustu átta vikum. Þá er óskað eftir því að sundurliðunin sé dagsett, þ.e. hvenær samtöl áttu sér stað.

Svar:

Ekki er haldið sérstaklega utan um samtöl borgarstjóra við stjórnarformenn fyrirtækja Reykjavíkurborgar og því ekki hægt að leggja fram sundurliðun þess efnis.

Dagur B. Eggertsson